

Íþróttafélagið Höfrungur, ársskýrsla 2024.

Á þessu nýbyrjaða ári hófst hin formlega starfssemi með því að íþróttafélagið stóð fyrir þrifum eftir áramótabrennu og flugeldhátíð í upphafi árs 2024. Óvenju mikið var skotið upp af fluedum og því þurfti heldur betur að taka til hendinni. Veður hagstætt og þrif því auðveldari. Það var að venju alltaf sama fólkið sem sá um þrifin og er það vel. Þar með stóðum við við gerðan samning hvað varðar þessi þrif samkvæmt samningi við HSV. Við þökkum þeim fyrir þeirra góða framlag. Á þrettándanum vorum við með einstaklega myndarlega skrúðgöngu og flugeldasýningu í samvinnu við Björgunarsveitina Dýra. Það var því mjög ánægjulegt að byrja árið á slíkum viðburði, en þess skal geta að ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ HÖFRUNGUR varð 120 ÁRA 20. desember. Þátttaka í þessum viðburði var mjög góð og á annað hundrað manns tóku þátt, þó kalt væri en það var jú vetur og viðbúið að svo yrði. Margir flottir álfar tóku þátt, en það er venjan að unga fólkið gengur á milli húsa á þrettándandum og syngur fyrir fólk. Þiggur það svo sælgæti að launum fyrir sönginn. Þessi siður hefur haldist hér á Þingeyri í tugi ára og er mjög skemmtilegur. Mikið um dýrðir og flotta búninga. Tilhlökkunarefni margra unglinga og barna. Flugeldasýningin var mjög myndarleg og einhver fyrirtæki styrktu sýninguna. Þökk sé þeim er það gerðu. Björgunarsveitin sjálf lagði svo sjálf myndarlega í þessa sýningu. Að sjálsögðu var þó nokkuð skotið upp af flugeldum og félagar gengu í það að þrifa eftir eftir þenna viðburð næstu daga á eftir.

Öll regluleg starfssemi í íþróttahúsinu var í boði, svo sem HSV skóli, boðnir boccia tímar 3x í viku, foreldratímar í íþróttum á sunnudögum, leikskólabörn með einn tíma í viku í íþróttahúsinu og fleira. Boccia náði þó ekki að verða öflugt aftur á árinu og enn sem fyrr féllu niður þau tvö mót sem Höfrungur hefur staðið fyrir þ.e. Halldórs Högna mótið og afmælistmót Magnúsar Guðmundssonar. Einhver hreyfing varð þó á þessari starfssemi á haustdögum. Íþrótt- og leikjadagur sem Höfrungur hefur staðið að tengt skíðaviku varð að þessu sinni mjög öflugur og þátttaka alveg frábær. Rúmlega hundrað þátttakendur tóku þátt í svokallaðri páskaeggjaleit. Á föstudaginn langa héldum við svokallað páskabingó og þar var þátttaka mjög mikil. Við færðum okkur í íþróttahúsið með það að fenginni fyrri reynslu. Við áætluðum að þarna hefðu verið um 250 manns. Ekki tókst að koma leikriti á fjalirnar þessa páska þar sem okkur vantaði í raun þátttakendur, en stefnan sett á næsta ár. Enn bíður því Díska Ljósálfur eftir uppsetningu en hún var komin mjög langt á leið með að verða sýningarhæf þegar Kovidíð eyðilagði allt. Sporinn sem félagið keypti nýttist vel og einhverjir voru á gönguskíðum. Fólk nýtti tímann betur til útiveru á þessum tíma. Íþróttakennarinn okkar hún Leyre Maza Alberdi bauð upp á æfingar tvisvar í viku tengt HSV til vors. Hún var með hinar ýmsu æfingar aðrar og má þar nefna sund. Sigbór Snorrason einkaþjálfari hélt áfram með hópaþjálfun og strax í haust jók hann starfssemina og bauð upp á þjálfun eldri og yngri hópa þ.e. tvisvar í viku. Þátttaka varð góð. Nýr þjálfari Reynis Vilks hóf starfssemi á haustdögum á vegum Grunnskólans og við náðum að nýta starfskrafta hans að einhverju leiti, en alltof lítið í rauninni vegna anna hans. Hann var þó með

HSV. skólann. Þetta er góður drengur sem verður vonandi áfram með okkur og við gætum átt nánari samvinnu við. Það eru jú alltaf þjálfarar sem vantar í smærri byggðakjarnana.

Hér er hægt að endurtaka það sem áður hefur verið sagt því fljótlega á vordögum eða í maí mátti sjá duglegt fólk bæði frá Höfrungi og aðra taka sig til og hreinsa meðfram vegum og úr skurðum eftir veturinn. Einnig fjörum og víðar. Það hefur tíðkast hjá fólki hér á Þingeyri að hreinsa vel landið hér umhverfis og Höfrungur gerir einnig út á að standa fyrir hreinsun hér innfjarðar. Þetta hefur tekist mjög vel og ég veit til þess að fólk hefur á göngum sínum í nánasta umhverfi tekið með sér allt rusl sem verður á vegi þess og komið því til skila í viðeigandi gáma. Sumir eru mjög oft á ferðinni við þessa iðju. Það þarf ekki sérstaka plokkdaga til. Þetta er til fyrirmyndar og gildir hér sem fyrr Hreint land Fagurt land. Af framansögðu má sjá að Íþróttafélagið Höfrungur hefur staðið við alla samninga við HSV hvað varðar alls kyns þrif og endurtökum það að við hörmum að það fjármagn sem við höfum fengið greitt fyrir þetta hefur enn minnkað. Svæðið sem við sjáum um hefur svo sannarlega EKKI MINNKAÐ.

Haldið var fyrstu helgina í júlí svokallað stigamót BLÍ í strandblaki. Þátttakan í þessu mótí hefur aukist ár frá ári og alltaf verið full mannað. Færri hafa komist að en viljað og við þurft að synja fólki um þátttöku. Gætum klárlega bætt við fleiri þátttakendum ef við hefðum fleiri velli. Það eru ca. 100 lið sem taka þátt og það hefur sýnt sig að þetta hefur verið annað fjölmennasta mót ársins á öllu landinu. Undirbúningur fyrir slíkt mót er afar mikill og kostar félagið alltaf töluverðan pening og mikla sjálfboðavinnu. Þessi mót hafa sem betur fer verið okkur til mikils sóma bæði hvað varðar alla framkvæmd og þá þjónustu sem við veitum. Umgjörð öll verið frábær undir stjórn yfirmanns mótshaldara Dýrleifar Hönnu og allra þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem lögðu hönd á plóg. Á næsta ári munum við halda afmælistót okkar þ.e. 20. mótíð og stefnt er á að það verði enn nú myndarlegra en verið hefur. Það tjald sem Íslenskt Sjávarfang gaf okkur hefur reynst mjög vel hvað varðar alla veislupjónustu, matargerð og alla sölu sem fram fer á slíkum mótum.

Halda átti aðalfund Höfrungs í maí og boðað til hans með löglegum fyrirvara. Þegar að fundi var komið mættu ekki nokkrir aðalmenn og varamenn og fundurinn því dæmdur ólöglegur. Boðað var til framhalds aðalfundar miðvikudaginn 30. október 2024 kl:20.15. Fundurinn var löglegur og rétt til hans boðað. Kosin var ný stjórn, varamenn, skoðunarmenn reikninga og endurskoðandi þ.e. 5 aðalmenn og þrír til vara í stjórn. Tveir skoðunarmenn reikninga og endurskoðandi. Þar með tókst að manna í allar stöður og stjórninni létt við þessar málalyktir. Til starfa valdist mjög góður hópur stjórnarmanna og annarra sem unna starfssemi félagsins. Þetta ýtir að sjálfstöðu undir öflugri starfssemi og er það vel. Það er gott til þess að vita að enn er til hópur fólks sem er tilbúinn til sjálfboðaliðastarfa og erum við í samfélaginu í raun mjög rík af þeim mannauði sem hér er.

EKKI tókst að manna íþrótt- og leikjanámskeið þetta árið. Auglýst var eftir starfsfólki en enga þjálfara eða starfsfólk að fá.. Þetta eru sumarnámskeið og hafa verið mjög

vinsæl í gegnum tíðina. Þetta eru að sjálfsögðu launuð störf og enn sem fyrr er skortur hér á fagfólki tengt íþróttum. Starfssemin ræðst af því fólki sem velst í þessi störf. Því er þetta í raun ófremdarástand og úr því þarf að bæta. Miklar líkur eru þó á að úr þessu rætist sumarið 2025.

Þriðju helgina í júlí stóð Höfrungur fyrir svonefndri Hlaupahátíð á Vestfjörðum ásamt fjölmörgum öðrum. Þar er verið að tala um fólk frá Ísafirði Riddarar Rósu, öðrum einstaklingum þaðan ásamt heimamönnum sem ekki verða taldir upp hér. Þetta er mjög viðamikil mót sem kostar mikinn undirbúning sem stendur yfir nær allt árið með hléum þó. Sjálft mótið er svo í fjóra daga, byrjar á fimmtudegi og lýkur svo á sunnudegi. Mörg hundruð þátttakendur voru á mótinu sem hófst í Bolungarvík á fimmtudegi. Daginn eftir var keppt á Ísafirði og í Súðavík. Á laugardegi og sunnudegi var svo keppt á Þingeyri og náði keppnin allt yfir í Arnarfjörð. Þetta var sem áður risastórt mót og fjöldi tók þátt og mikill fjöldi fólks fylgdi keppendum. Þetta voru svo sannarlega dýrðardagar og veðrið lék við okkur að þessu sinni svo sem oftast. Keppt var í hinum ýmsu greinum svo sem hlaupum, sjósundi og fjallahjólreiðum. Mótið tókst í alla staði vel og ber að þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem tóku þátt og unnu að því að gera þetta mót svo virðulegt sem það er. Hér ræður miklu sú aðstaða sem við höfum við Íþróttamiðstöðina Þingeyri og ekki skemmdi fyrir að hafa nýtt tjald til að veita þjónustu úr. Við erum þó með aukatjöld og væri erfitt að halda þessi mót annars. Við þökkum þeim aðila Jóni Inga Guðmundssyni sem hefur styrkt okkur í gegnum árin og lánað okkur allt að 3 stór tjöld á hverju ári til fjölda ára án endurgjalds. Það verður ekki metið til fjár.

Á haustdögum færðist flest öll starfssemi aftur inn í íþróttahús og reglubundin dagskrá hófst aftur. Þátttakan jókst verulega og fjölmargt var í boði og reynt var að brydda upp á nýjungum sem tókst mjög vel. til að mynda badminton. Hópaleikfimi hélt áfram og önnur starfssemi tengd Grunnskóla þingeyrar var í gangi. Íþróttþjálfari sem starfaði hjá Grunnskólanum hóf störf hjá okkur á haustdögum eins og áður er getið. Það er ljóst að ekki væri hægt að bjóða upp á öflugt íþróttastarf ef við hefðum ekki hina dásamlegu Íþróttamiðstöð. Það ber að þakka allt það góða samstarf sem þar fer fram.

Í nóvember gátum við tekið þátt í sundátaki SSÍ og þátttakan var með eindæmum góð. Ungir sem aldnir tóku þátt og mikil aukning varð á sundiðkun. Að sjálfsögðu eykur þetta á gleðina og fjölgun gesta. Þetta átak er hreinasta snilld og hlökkum við til á næsta ár að vera aftur með.

Í desember var margt gert og lagði Höfrungur fram vinnu með veitingum, heitu súkkulaði og fleiru þegar kveikt var á jólatrénu á aðventunni. Þetta er alltaf hátíðleg stund og nauðsynlegt í skammdeginu. Töluverður fjöldi fólks mætti og naut samverunnar. Regluleg starfssemi hélt áfram í íþróttahúsinu og ýmislegt nýtt var á dagskránni í desember sem jók mannlífið til muna. Það var svo 20. DESEMBER sem ÍÞRÓTTFÉLAGIÐ HÖFRUNGUR átti HUNDRAÐ OG TUTTUGU ÁRA ára afmæli. Ekkert var gert á þeim degi sökum anna en stefnt á Jóladansleik milli jóla og nýárs þar sem öllum var boðið frítt á afmælishátíð. Höfrungur veitti myndarlegar gjafir í tilefni

þessa, súkkulaði og dýrindis veitingar. Húsfyllir var og gefnar voru um 100 mjög fallegar húfur merktar félaginu vegna þessa. Þakka ber öllum sem gerðu þessa hátíð að veruleika, bæði þeim sem unnu sleitulaust og þeim styrktu á einn eða annan hátt með hinum ýmsu framlögum.

Eitt er það sem ég vil koma hér inn á og gleður mig ekki, en það er að þetta góða og að mínu mati vel búna íþróttamannvirki þ.e. Íþróttamiðstöðin á Þingeyri er engan veginn nógu vel nýtt af nágrönnum okkar. Það er alltaf talað um hina miklu vegalengd til Þingeyrar, en það gildir ekki í báðar áttir. Það eru mjög margir sem taka þátt héðan frá Þingeyri í hinum ýmsu íþróttagreinum og æfa með félögum á Ísafirði og víðar. Að sjálfsögðu gleður það okkur að unglिंगarnir okkar fá betri tækifæri til að stunda þær íþróttir sem þá langar til að taka þátt í. Það er þó alltaf talað um að erfitt sé að koma fyrir íþróttum innanhúss svo sem á Torfnesi. Því segi ég og hvet til að það húsnæði sem hér er verði betur nýtt en nú er af íbúum Ísafjarðarbæjar og nágrennis.

Hinar ýmsu fjáraflanir urðu á árinu og fjöldi styrkja fengust. Margir smáir styrkir fengust en margt smátt gerir eitt stórt. Lottó og getraunatekjur eru alltaf góðar tekjur og skipta miklu máli, en gera mætti betur við öflun getraunatekna. Félagsnúmer HÖFRUNGS þar er 470. Höfrungur sá um sölu álfisins tvisvar á árinu og skilar það alltaf einhverjum árangri. Hér er því sérstaklega þakkað fyrir allar góðar gjafir og styrki sem Höfrungur hefur fengið á þessu afmælisári. Stefnt er að því að gera myndarlega dagskrá á árinu 2025 í tilefni þessa afmælisárs. Félagar í Höfrungi voru duglegir að hlúa að sínu félagi og því segjum við ÁFRAM HÖFRUNGUR.

F.h. Höfrungs, Sigmundur Fríðar Þórðarson formaður.